

# Fundargerð 40. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 12. febrúar kl. 15:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Dagbjört Jónsdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aðalheiður L. Borgþórsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ragnhildur Haraldsdóttir og Valdimar O. Hermannsson boðuðu forföll.

Dagbjört Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Noregsferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Lagt fram tilboð ferðaskrifstofu vegna kynnisferðar samtakanna til Noregs. Á stjórnarfundum samtakanna sem haldinn var þann 7.11.2019 var ákveðið að samtökin myndu greiða ferðakostnað vegna stjórnarmanna og starfsmanns. Fjalla þarf um hvernig skuli farið með fæðiskostnað. Að auki var ákveðið að niðurgreiða kostnað fulltrúa frá aðildarsveitarfélögum.

*Tilboð frá ferðaskrifstofu samþykkt. Einnig samþykkt að greiða stjórnarmönnum og varamönnum auk starfsmanns, dagpeninga vegna fæðis og upphalds sem einnig skulu dekkja kostnað vegna lestarsamgangna. Miðað við SDR gengi má ætla að dagpeningar á mann í 5 daga verði um 77.000 kr. Þá var ákveðið að hækka niðurgreiðslu til aðildarsveitarfélaga vegna ferðarinnar úr 50.000 kr. á hvert þeirra í 100.000 krónur. Einnig samþykkt að sameiginlegur kostnaður vegna bílaleigubíla eða smárútu frá Stavanger og til Tellenes yrði greiddur af samtökunum vegna allra þátttakenda í ferðinni.*

*Samþykkt að greiða ferðakostnað innanlands vegna Noregsferðar líkt og um stjórnarfund væri að ræða fyrir stjórn, varastjórn og starfsmann.*

### 2. Starfshópur um skattlagningu orkumannvirkja - 1911001SO

Formaður greinir frá fundi með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um skattlagningu orkumannvirkja og erindi Samorku til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar um.

*Formaður greindi frá fundi sem hann sat ásamt varaformanni og starfsmanni með fulltrúum sambandsins. Greint frá tölvupósti frá formanni starfshópsins til fulltrúa í honum þar sem greint er frá tillögu ráðherra þess efnis að nefndin ljúki vinnu sinni á þann hátt að hver aðili skili sér greinargerð. Kom fram sú tillaga að sambandið og Samtök orkusveitarfélaga fái þriðja aðila til að vinna sviðsmyndagreiningu og skila sem sameiginlegri greinargerð sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga til*

*ráðherra.*

*Stjórn samþykkir framangreinda tillögu.*

*Formanni falið að vinna að verkefnalýsingu sem og kostnaðarskiptingu milli Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Fundi var slitið kl. 15:30

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Árni Eiríksson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Skarphéðinn Orri Björnsson

---

Þorsteinn Gunnarsson